

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 (hesthús).

Flm.: Gunnar Bragi Sveinsson, Ásmundur Einar Daðason, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Höskuldur Þórhallsson,
Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir.

1. gr.

A-liður 3. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Allt að 0,5% af fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, hesthús og önnur útihús utan bújarða, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hestamennska er ein vinsælasta tómstundaiðja og íþróttagrein sem íslenskar fjölskyldur stunda og hefur ástundun aukist undanfarin ár enda íslenski hesturinn fyrir löngu orðinn eitt af aðalsmerkjum þjóðarinnar. Eins og margar aðrar tómstundir og íþróttir getur hestamennskan verið kostnaðarsöm enda oft mikill metnaður lagður í þjálfun og umhirðu. Einn af kostnaðarþáttunum er kostnaður við húsnæði sem hefur í mörgum tilfellum batnað mjög undanfarin ár sem þýðir betri aðbúnað fyrir hesta og menn. Um árabíl hafa verið vangaveltur um hvar skilgreina eigi hesthús þegar kemur að skattheimtu sveitarfélaga. Mismunandi er eftir sveitarfélögum hvernig þau flokka hesthús í skilningi laga um tekjustofna sveitarfélaga og getur munað háum fjárhæðum milli sveitarfélaga. Kærur hafa verið lagðar fram og mál höfðu til að reyna að fá úr því skorðið í hvaða flokk eigi að setja þessi hús. Skemmst er að minnast úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar í máli nr. 23/2010 þar sem fjallað var um hvort hesthús á deiliskipulögðu hesthúsasvæði í þéttbýli skyldu við álagningu fasteignagjalda vera flokkuð undir a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga, eða c-lið 3. mgr. 3. gr. sömu laga. Flutningsmenn þessarar tillögu telja mikilvægt að eyða öllum vafa um hvernig eigi að flokka hesthús í skilningi laga um tekjustofna sveitarfélaga og því er lagt til hér að þau verði felld undir a-lið 3. mgr. 3. gr. laganna ásamt íbúðarhúsnæði, útihúsum o. fl.

Lögð er til sú breyting að í stað orðanna „útihús og“ í a-lið 3. mgr. 3. gr. komi „hesthús og önnur útihús utan bújarða“. Með þessari breytingu er ætlunin að taka af allan vafa um að hesthús og önnur útihús utan bújarða falli undir a-liðinn. Það að telja upp hesthús sérstaklega og síðan mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði líkt og liðurinn hljóðar í dag hefur þótt ruglingslegt þar sem hesthús á bújörðum eru jafnframt mannvirki á jörðunum. Því hefur jafnvel mátt túlka liðinn þannig að eingöngu hesthús á bújörðum ættu að falla undir þennan lið en önnur ekki. Með því að skýra þetta frekar eins og hér er lagt til er tekinn af allur vafi um hvernig túlka beri umrædda grein. Eflaust kunna að vera um þetta deildar meiningar því vissulega er hestamennskan að einhverju leyti atvinnugrein þótt langstærstur hluti hennar teljist til tómstunda.